

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila.

#### 1. gr.

Í stað 3. og 4. málsl. 1. mgr. 5. gr. kemur: Á sama hátt er starfsemi vinnuskóla fyrir nemendur undir 16 ára aldri undanþegin virðisaukaskatti svo og sumarvinna skólafólks á aldrinum 16 til 25 ára enda sé um að ræða þjónustu í eigin þágu sveitarfélags.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr.:

- Fyrir orðin „sveitarfélögum og ríkisstofnunum“ kemur: ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra.
- Við 1. tölulið bætist nýr málslíður er verður annar málslíður svohljóðandi: Jafnframt skal endurgreiða virðisaukaskatt sem sveitarfélög greiða vegna leigu eða kaupa á sorpgámum vegna staðbundinnar söfnunar sorps.
- Við greinina bætist nýr töluliður er verður 6. töluliður svohljóðandi: Vinna við sérstök verkefni sveitarfélaga eða á ábyrgð þeirra, sem efnt er til með styrk Atvinnuleysistryggingasjóds, til að fjölga atvinnutækifærum.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, er sett með stoð í 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, gildir frá og með 1. janúar 1995. Ákvæði staflíðar c. í 2. gr. fellur úr gildi frá og með 1. janúar 1996.

*Fjármálaráðuneytið, 27. febrúar 1995.*

F. h. r.

**Snorri Olsen.**

*Jón Guðmundsson.*

23. febrúar 1995

Nr. 147

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Grýtubakkahreppi árið 1995.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorp-hreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1995 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

#### 2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir á Grenivík	Sorphirðugjald	kr. 6.600
Sveitabýli eða sveitaheimili	Sorpeyðingargjald	kr. 3.300

Heimilt er hreppsnefnd Grýtubakkahrepps að veita 50% afslátt ef tveir eða færri eru á heimili.

Fyrirtæki flokkur 1	Sorpeyðingargjald	kr. 3.300
Fyrirtæki flokkur 2	Sorpeyðingargjald	kr. 6.600
Fyrirtæki flokkur 3	Sorpeyðingargjald	kr. 20.000
Fyrirtæki flokkur 4	Sorpeyðingargjald	kr. 40.000

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka eftir stærð fyrirtækis og magni úrgangs.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi nú þegar.

*Umhverfissráðuneytið, 23. febrúar 1995.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 282/1994 um söfnun,  
endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur.**

1. gr.

1. mgr. 3. gr. orðist svo:

Gjaldskylda samkvæmt 1. gr. nær til allra drykkjarvara í einnota umbúðum, sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar eða átappaðar hérlendis og eru til sölu hér á landi og flokkast undir vöruliði 2201, 2202, 2203, 2204, 2205, 2206, 2208 eða 0403.9003 í tollskrá, sem er viðauki I við tollalög nr. 55/1987.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í ákvæði 4. gr. laga nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur til þess að öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytið, 22. febrúar 1995.*

**Össur Skarphéðinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*